

Sp.

339. Fyrirspurnir.

[173. mál]

I. Til iðnaðarráðherra um Þróunarsjóð lagmetisiðnaðarins.

Frá Jóni Árm. Héðinssyni.

1. Hverjar voru tekjur Þróunarsjóðs lagmetisiðnaðarins árin 1972, 1973, 1974, 1975, 1976 og 1977, sundurliðað?
2. Hvernig hefur þessum tekjum verið varið, sbr. 16.—19. gr. reglugerðar um sjóðinn?
3. Hafa áætlanir verið gerðar um tekjuþörf Þróunarsjóðsins árin 1978, 1979 og 1980 — og hvað sýna þær þá?

II. Til félagsmálaráðherra um athugun og rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum.

Frá Tómasi Árnasyni.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um rannsóknir á snjóflóðum og skriðuföllum, sem samþykkt var á Alþingi 14. maí 1975?

III. Til samgönguráðherra um stofnlánasjóð atvinnubifreiða og vinnuvéla.

Frá Helga F. Seljan.

Hvað líður framkvæmd þingsályktunar um stofnlánasjóð vegna stórra atvinnubifreiða og stórvirkra vinnuvéla frá 18. maí 1976.

IV. Til menntamálaráðherra um hönnun Þjóðarbókhlaðu.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Er væntanleg Þjóðarbókhlaða þannig hönnuð að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi greiða leið um húsið allt og geti gegnt þar störfum?

V. Til heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra um húsnæði Tryggingastofnunar ríkisins.

Frá Magnúsi Kjartanssyni.

Hvenær verður gengið þannig frá aðalbækistöð Tryggingastofnunar ríkisins, að fatlað fólk, m. a. í hjólastólum, eigi greiðan aðgang að öllum húsa- kynnum og geti rætt þar við starfsfólk, m. a. sérfræðinga og lækna?